

Ed.
um orkuver Vestfjarða.

732. Frumvarp til laga

[144. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu vestur á bóginn til Bildudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og norður á bóginn til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur og Hnífsdals og Ísafjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 60 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 20 milljónum króna, þó eigi meira en nemur ½ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaga.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást.

5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, og telja með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun, sem Orkuver Vestfjarða h/f lét gera.

6. gr.

Heimild sú, sem veitt er í lögum þessum, skal þó ekki hefja byggingu þeirra orkuvera á Vestfjörðum, sem þegar eru tekin upp í heimildarlög, ef þær virkjanir þættu hagkvæmari, enda verði teknar um það ákvarðanir svo fljótt sem verða má.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.